

**Sp. 544. Tillaga til þingsályktunar [206. mál]**

um kjör fulltrúa í Norðurlandaráð.

Frá meiri hl. utanríkismálanefndar.

Alþingi ályktar að kjósa á hverju reglulegu Alþingi — í fyrsta sinn nú þegar — úr hópi þingmanna 5 fulltrúa og 5 varafulltrúa í Norðurlandaráð, og skal efri deild kjósa 2 fulltrúa, en neðri deild 3 ásamt jafnmörgum varafulltrúum. Gildir kosning hverju sinni þar til ný kosning hefur farið fram á næsta reglulegu Alþingi.

**Greinargerð.**

Hinn 10. desember s. l. var samþykkt á Alþingi þingsályktun um, að Ísland gerðist aðili að stofnun Norðurlandaráðs. Samkvæmt 2. gr. starfsreglna ráðsins, sem prentaðar eru sem fylgiskjal með ályktuninni, skal Alþingi kjósa 5 fulltrúa úr hópi þingmanna ásamt nægilegri tölu varamanna til setu í ráðinu.

„Kjörið fer fram á þeim tíma og með þeim hætti, sem ákveðið verður í hverju landi,“ segir enn fremur í sömu grein. Að öðru leyti eru ekki gefnar reglur um kjör fulltrúanna, en ætlazt er til, að þingin hafi á því þá skipan, sem þau álíta hagkvæmasta.

Með þingsályktunartillögu þessari er lagt til, að deildir Alþingis kjósi fulltrúa í ráðið og sé þess þá að jafnaði gætt, að fulltrúi eigi sæti í þeirri deild, sem kys hann. Með þessu ætti að fást trygging fyrir því, að þingmenn beggja deilda væru jafnvel settir til þess að taka þátt í og fylgjast með störfum ráðsins.

Boðað hefur verið til stofnfundar Norðurlandaráðs 13. febrúar n. k., og er því þörf á að hraða kjöri fulltrúa.